

Ársskýrsla Bókmennta- og listfræðastofnunar fyrir árið 2018 (ársfundur 2019)

1. Rekstrarreikningur ársins (er í sér skjali)

Í sambandi við rekstrarreikninginn 2018 er rétt að taka fram að Garðar Baldvinsson sendi stofnuninni tvær fjárkröfur. Önnur hljóðaði upp á 200 þús. kr. vegna ritstjórnar *Orðaskila* Ástráðs Eysteinssonar en hin upp á 2 millj. kr. vegna starfa Garðars við Alfræði íslenskra bókmennta. Að höfðu samráði við Ástráð, forseta Hugvísindasviðs og lögfræðinga HÍ var báðum fjárkröfum Garðars hafnað enda þótti ljóst að þær ættu ekki við rök að styðjast. Málinu er þó ekki lokið því að hann hefur ekki enn skilað gögnum sem tengjast Alfræðinni og eru eign HÍ. Sviðsforseti ætlar að beita sér fyrir endurheimt gagnanna.

2. Útgáfumál

Eins og fram kom á síðasta ársfundi er fjárhagsstaða stofnunarinnar þannig að hún getur ekki staðið í kostnaðarsamri útgáfu. Samkvæmt ályktun stjórnar Hugvísindastofnunar 12. desember 2017 er rannsóknastofnunum á Hugvísindasviði óheimilt að stofna til skuldbindinga umfram fjárhagsgetu. Engin útgáfa var því á vegum stofnunarinnar á árinu 2018 en hún þurfti að gera upp við HÚ vegna rita sem komu út á vegum hennar 2016 og 2017 eins og fram kemur í rekstrarreikningnum. Ekki er hægt að skuldbinda stofnunina frekar meðan fjárhagsstaðan er neikvæð og gera útgáfusamninga sem hafa kostnað í för með sér.

Frá fyrri árum liggja fyrir samningar um útgáfu á doktorsritgerð Þrastar Helgasonar, meistararitgerð Gunnars Þorra Péturssonar og ritgerðasafni um sálgreiningu í ritstjórn Benedikts Hjartarsonar o.fl. Miðstöð íslenskra bókmennta styrkti þessi verk sem hér segir: ritgerð Þrastar um 270 þús. kr. (úthlutun 2016), ritgerð Gunnars Þorra um 270 þús. kr. (úthlutun 2016) og ritgerðasafn um sálgreiningu um 300 þús. kr. (úthlutun 2017). Vonir standa til þess að sálgreiningin geti orðið að þemahefti *Ritsins* og hin verkin tvö eru hjá viðkomandi höfundum eftir ritrýningu. Ef ekki verður af útgáfu þeirra þarf stofnunin að endurgreiða styrkina (útgáfufrestur MÍB er í rauninni útrunninn) en nú þegar hefur fallið nokkur kostnaður á hana vegna ritrýningar.

Á ársfundinum 2018 var samþykkt að styrkja útgáfu á doktorsritgerð Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur um 200 þús. kr. Stofnunin veitti ritlistarnemum einnig 50 þús. kr. styrk til útgáfu þeirra á verkum sínum eins og undanfarin ár.

Ýmsir aðilar utan stofnunarinnar höfðu samband á árinu 2018 og spurðu hvort hún gæti tekið verk þeirra til útgáfu og staðið straum af því. Þessum tilboðum var öllum hafnað eins og gefur að skilja. Aftur á móti barst stofnuninni tilboð um útgáfu sem yrði henni að kostnaðarlausu. Þórunn Sigurðardóttir hefur ásamt Einari Sigurbjörnssyni, sem nú er látinn, unnið að útgáfu á þýðingu Arngríms lærða á *Eintali sálarinnar við sjálfa sig* eftir Martin Moller (kom fyrst út í íslenskri þýðingu á Hólum 1599). Þórunn og Einar sáu um hliðstæða útgáfu á *Gerhardshugvekjum* sem komu út í trúarritaröð stofnunarinnar 2004. Sú útgáfa var styrkt af Kristnihátíðarsjóði og það stóð alltaf til að gefa *Eintal sálarinnar* einnig út í sömu ritröð enda var styrkurinn úr sjóðnum veittur til beggja verkanna. Meira en milljón kr. er eftir af styrknum og sú upphæð rynni óskipt til útgáfunnar. Forseti Hugvísindasviðs hefur staðfest að ef þessi upphæð hrökkvi ekki fyrir útgáfukostnaði verði stofnuninni bættur mismunurinn. Stjórnarformaður býðst til að ritstýra verkinu ef þetta verður samþykkt og vera umsjónarmaður af hálfu stofnunarinnar. Þetta er lagt fram til samþykktar á ársfundinum.

Annað mál sem þyrfti að ræða í þessu sambandi er útgáfa á greinasöfnum í tilefni af sjötugsafmæli starfsmanna. Stofnunin hefur í sjálfu sér ekki burði til að standa að útgáfu slíkra rita en þetta þarf að ræða á fundinum. Ef framhald á að verða á slíkum ritum þurfa þau að standa undir sér fjárhagslega og þar þyrfti væntanlega bæði að koma til áskrift og öflun styrkja.